

## Landstryfrettardómar 1919.

Mánudaginn hinn 13. janúar 1919.

Nr. 40/1918

Ólafur V. Davíðsson  
gegn

Halldóri Gunnlaugssyni o.fl.

### D ó m u r :

Mál þetta höfðaði áfrýjandi, Ólafur V. Davíðsson, kaupmaður í Hafnarfirði fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn umboðssala Halldóri Gunnlaugssyni, Hans Petersen kaupmanni, Einari Einarssyni skipasmið, Guðna Helgasyni skipasmið öllum, til heimilis í Reykjavík, svo og Sigfúsi kaupmanni Bergmann, Daniel kaupmanni Bergmann og Guðmundi járnsmið Hróbjartssyni, öllum í Hafnarfirði, til þess að fá þá dæmda til þess að taka aftur við seglskipinu »Alice« (ex Lögberg), er þeir seldu áfrýjanda sumarið 1917 og fá þá dæmda til að endurgreiða kaupverð skipsins 25.000 kr. með 6% ársvöxtum frá kaupdegi 23. júní 1917 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Máli þessu lauk svo með dómi gestaréttarins uppkveðnum 10. maí f. á., að málinu var vísað frá dómi að því er snerti Sigfús Bergmann, Daniel Bergmann og Guðmund Hróbjartsson, en Halldór Gunnlaugsson, Hans Petersen, Einar Einarsson og Guðni Helgason voru sýknaðir af kröfum áfrýjanda og var málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir Ólafur V. Davíðsson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 17. júlí f. á. Hefir hann stefnt þeim Halldóri Gunnlaugssyni, Hans Petersen, Einari Einarssyni og Guðna Helgasyni og krafist þess að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að hinir stefndu verði með dómi skyldaðir til þess að taka við seglskipinu »Alice« (ex Lögberg) og einn fyrir alla og allir fyrir einn dæmdir til að endurgreiða honum kaupverð skipsins 25000 kr. með 6% ársvöxtum frá kaupdegi 23. júlí 1917 til greiðsludags, og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum rjettun eftir mati yfirdómsins. Hinir stefndu hafa hinsvegar krafist þess að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum áfrýjanda og þeim dæmdur málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins, en með því að stefndu hafa ekki gagnáfrýjað málinu, kemur krafa þeirra um málskostnað fyrir undirrétti eigi til greina.

Málavextir eru þeir, að hinn 23. júlí 1917 seldi stefndi Halldór Gunnlaugsson umboðssali fyrir sína hönd og meðeiganda sinna, hinna meðstefndu Hans Petersen, Einars Einarssonar, og Guðna Helgasonar, svo og stefndu í undirrétti Sigfúsar Bergmanns,

Daníels Bergmanns og Guðmundar Hróbjartssonar áfrýjanda seglskipið »Alice« (ex. Lögberg) fyrir 25000 kr., er áfrýjandi greiddi þá þegar. En áður en salan fór, fram hafði skipið, að undangenginni viðgerð á því, verðið virt af dómkvöddum mönnum á 34550 kr., og auk þess höfðu hinir lögskipuðu skipaskoðunarmenn gefið út vottorð um það, að þeir teldu skipið svo traust og ógallað og að öðru leyti svo vel út búið, að lífi og heilsu manna á því væri ekki hættu búin. Sendi áfrýjandi svo skipið á veiðar, en þá fór að bera á leka á því, og fékk þá skipstjórinn hinn 2. ágúst 1917 aðstoðarlögreglustjórann á Siglufirði til að útnefna 2 menn til þess að skoða skipið, er þá var statt á Siglufirði, og dæma um það hvort það gæti talist sjófært þá þegar til Reykjavíkur. Hinir útnefndu menn komust að þeirri niðurstöðu, að skipið væri svo fúð að ekki væri tiltök að sigla því með fullfermi til Reykjavíkur, en álitu þó að ekki væri hættu fyrir fólk að sigla því með kjölfestu sudur nú þegar (þ: í ágústmánuði), ef smáspons væru sett í gafl þess og nýr skrúfnagli í pumpuna.

Hinn 18 s. m. voru að tilhlutun áfrýjanda dómkvaddir þeir O. Ellingsen fyrverandi slippstjóri og P. Ungerskov skipstjóri á björgunarskipinu »Geir« til þess að skoða og álita skipið og segja álit sitt um það, hvort fært væri að geri svo við það að það yrði sjófært, og hvað slík aðgerð mundi kosta. Framkvæmdu þeir skoðunina í fjörinni í Hafnarfirði 21. s. m., og komust þeir að þeirri niðurstöðu, að skipið væri »meget raaddent i Toptömrerne, Bælkevæg-

erne og Hjælpebjælkevægerne og Garneringen (specielt i S. B. Side)», og að alls ekki mundi svara kostnaði að gjöra við það.

Því er ómótmælt haldið fram af áfrýjanda, að þegar komið hafi til orða að hann keypti umrætt skip, þá hafi stefndu sýnt honum umgetna virðingu á því og vottorð hinna lögskipuðu skoðunarmanna, og heldur áfrýjandi því fram, að stefndu hafi verið það vitanlegt að hann festi kaup á skipinu í trausti til þess að virðingargjörðin og vottorð skipaskoðunarmannanna væri á rökum byggt. En þar sem skipið hafi reynst algjörlega ónýtt, svo að ekki borgi sig að gjöra við það, þá eigi hann rjett á því, að kaupin verði gjörð ógild og að hann fái kaupverðið endurgreitt.

Stefndu hafa upplýst, að í september 1916 — en þá var áfrýjandi einn af eigendum skipsins — hafi það verið skoðað af 2 skipasmiðum, og hefur annar þeirra staðfest skoðunargjörðina sem vitni í málinu, en til hins skipaskoðunarmannsins hefur ekki náðts, með því að hann er erlendis. Telja menn þessir upp í sköðunargjörðinni hvað, að álitni þeirra, þurfi að gjöra við skipið til þess að það geti farið með allflestan flutning milli landa. Stefndu hafa og lagt fram vottorð frá smiðum þeim, er uonu að viðgerðinni á skipinu um það, að gjört hafi verið við skipið alt það, er hinir umgetnu skoðunarmenn töldu nauðsynlegt; þessir sömu menn hafa og vottað, að við viðgerðina hafi þeir ekki orðið varir við neinn fúa annan en þann, er var tekin úr og nýtt trje sett í staðinn.

Með skirskotun til þessara gagna halda stefndu því fram, að skipið hafi verið ógallað, er þeir seldu það, og að fúi sá, er komið hafi fram í skipinu við skoðunargjörðina á Siglufirði og í Hafnarfirði, hafi komið í það eða að minsta kosti vaxið stórkostlega eftir að viðgerðinni á skipinu var lokið í maí 1917, og salan fór fram.

Á þetta verður þó ekki fallist. Menn þeir, sem útnefndir voru til þess að skoða skipið á Siglufirði og hinir dómkvöddu menn, er skoðuðu skipið í Hafnarfirði, hafa staðfest skoðunargjörðir sínar fyrir rjetti, og jafnframt hafa þeir fyrir rjettinum látið það álit í ljósi, að fúinn í skipinu hafi hlotið að vera í því þegar viðgerðin á því var framkvæmd og að þessi fúi hafi ekki vaxið til neinna muna, svo hægt væri að sjá á honum breytingu frá því, er gert var við skipið, þartil þeir skoðuðu það í ágústmánuði. — Gagnvart þessu getur það ekki komið til greina að skoðunarmaður sá, er skoðaði skipið í september 1916, hefur borið að hann hafi ekki fundið neinn teljandi fúa í »bjálkavegaranum« og »aukabjálkavegaranum« og því síður verður í þessu efni neitt byggt á vottorðum stíða þeirra, er unnu að aðgjörð skipisins á skipasmíðastöðinni, með því að það hefur sannast, er menn þessir voru leiðdir sem vitni, að enginn þeirra hefur rannsakað þá skipshluta, sem fúinn fannst sjerstaklega í við skoðunargjörðin í Hafnarfirði. Sama er og að segja um virðingu þá á skipinu, er fram fór 11. júní 1917, að viðgjörðinni af staðinni, með því að virðingarmennirnir hafa einnig

lýst því yfir, að þeir hafi ekki athugað umrædda skipshluta. Ekkert verður heldur byggt á vottorði hinna skipuðu skipaskoðunarmanna um að skipið væri svo traust og ógallað að lifi og heilsu manna á því væri ekki hættu búin, með því að þeir hafa lýst því yfir, að þeir, í trausti til þess, að skipið hefði fengið fullnægjandi viðgerð, hefðu ekki álitnið nauðsynlegt að athuga skipsskrokkium nákvæmlega, og það því fremur sem þeim hafi verið kunnugt um að skipið hafði þá verið nývirt á 34500 kr., og gengið að því vísu að skipið hefði þá verið skoðað grundgæfilega, og að ekki hefðu fundist gallar á því. Það verður því að teljast sannað, að fúi sá, er kom fram í skipinu við skoðunargjörðina í Hafnarfirði, hafi verið í því, er það var selt.

Stefndu halda því og fram, að þótt gallar hefðu verið á skipinu, er það var selt, sé það seljendum óviðkomandi, með því að þeir hafi selt skipið í því ástandi, sem það var í, og þannig leyst sig undan allri ábyrgð á því hvort skipið væri gallað eða ekki; auk þess hafi þeir ekki vitað annað en að skipið væri gallalaust þar sem það, svo sem fram hefur verið tekið, hafði nýlega fengið höfuðviðgerð sem hafi kostað geisifé, verið virt af dómkvóddum mönnum á nálega 35000 kr. og álitnið traust og ógallað af hinum skipuðu skipaskoðunarmönnum.

Það er að vísu ósannað, að stefndu hafi verið kunnugt um fúann í skipinu, en þar með geta þeir þó ekki verið lausir við alla ábyrgð á ástandi þess, því þegar þess er gætt, að stefndu lögðu fyrir áfrýj-

anda hin umræddu virðingu og vottorð skipaskoðunarmannanna, þá mátti áfrýjandi ganga út frá því, að skipið hefði fengið fullnægjandi viðgerð, og að það væri í góðu standi. Af hinu umsamda kaupverði 25000 kr., hlaut stefndu einnig að vera það ljóst, að áfrýjandi byggði á því, að lýsing sú, er felst í virðingargjörðinni og vottorðinu, væri rétt, og að hann festi kaupin á skipinu í trausti til þess.

En þar sem það verður að teljast sannað að fúi sá, er fanst í skipinu við skoðunargerðina í Hafnarfirði, hafl verið í því, er það var selt, og þar sem það enn fremur er sannað með nefndri skoðunargjörð, er ekki hefur verið hnekkt, að skipið sökum þessa fúa, sé ekki sjófært og að það svari ekki kostnaði að gera við það, þá er hér um svo stórkostlega galla að ræða, að áfrýjandi hefur rétt til að krefjast að kaupin gangi til baka. Ber því að taka kröfur hans til greina, og dæma stefndu til að taka aftur við umræddu skipi »Alice« (ex. Lögberg) og dæma þá einn fyrir alla og alla fyrir einn til þess að endurgreiða áfrýjanda kaupverð þess 25.000 kr. með 6% ársvöxtum frá kaupdegi 23. júní 1917 til greiðsludags. Svo ber og að dæma stefndu in solidum til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum, er ákveðst 100 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinir stefndu, Halldór Gunnlaugsson, Hans

Petersen, Einar Einarsson og Guðni Helgason, einn fyrir alla og allir fyrir einn, greiði áfrýjanda Ólafi V. Davíðssyni 25000 kr. með 6% árvöxtum frá 23. júní 1917 til greiðsudags gegn því að hann afhendi þeim seglskipið »Alice« (ex. Lögberg) með því, er því fylgdi, er þeir seldu honum það sumarið 1917. Svo greiði stefndu áfýjanda og in solidum 100 kr. í málskostnað fyrir undirtétti og yfirdómi.

Dómi þessum skal fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagri lagaáðför.

Mánudaginn 13. jan. 1919.

Nr. 62/1918.

R. P. Levi og Jensen-Bjerg  
 gegn  
 Pétri P. J. Gunnarssyni

D ó m u r :

Með 2 leigusamningum, dags. 21. og 22. janúar 1915, tók stefndi kaupmaður Pétur P. J. Gunnarsson herbergi á leigu í Hótel Ísland hér í bænum til að reka þar verzlun og var leigan ákveðin fyrir þau alls 77 kr. 50 aur. um mánuðinn. Skyldi leigu-